

Nd.

427. Nefndarálit

[158. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 86/1985, um viðskiptabanka.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Í þessu frumvarpi er lagt til að

- a. *viðskiptaráðherra skipi bankaráð ríkisviðskiptabankanna og*
- b. *alþingismönnum verði óheimil seta í bankaráðum.*

Um þetta frumvarp náðist ekki samstaða í nefndinni. Álit meiri hl. nefndarinnar liggur ekki fyrir en afstaða gömlu flokkanna til frv. mun væntanlega birtast við kosningar í bankaráð ríkisbankanna. Þar má telja víst að einhverjir alþingismenn verði kosnir.

Undirritaður spáir því raunar að endurkosnir verði alþingismenn sem nú sitja í bankaráði Útvegsbankans úr þingflokkum Sjálfstæðisflokks og Alþýðubandalags. Endurkosning þeirra mundi jafngilda yfirlýsingu um að þeir bæru enga ábyrgð á ógöngum bankans. Engu síður er afdráttarlaust tekið fram í núgildandi lögum um Útvegsbankann, nr. 12/1961, að bankaráðin beri ábyrgð. Í 8. gr. segir svo:

„Yfirstjórn bankans er í höndum ráðherra þess, sem fer með bankamál, og bankaráðs, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.“

Í 12. gr. segir að bankaráð hafi yfirumsjón með starfsemi bankans.

Ekki er hægt að kveða skýrar á um ábyrgð bankaráðsins. Því er varla hægt að ofbjóða siðferðiskennd þjóðarinnar jafnaugljóslega og með endurkjöri bankaráðsmanna í Útvegsbanka.

Í lögum, sem nú taka gildi um viðskiptabanka, eru enn þá skýrari ákvæði en í gömlu lögunum um störf og skyldur bankaráða. Auk sambærilegra ákvæða og í gömlu lögunum um yfirstjórn og yfirumsjón (9. og 18. gr.) eru í 21. gr. nánar talin upp verkefni bankaráðs, s.s. bygging, kaup, sala og veðsetning fasteigna bankans, stofnun útibúa, samruni við aðrar innlánsstofnanir, vaxtastefna bankans og önnur mál sem bankastjórn leggur fyrir ráðið. Þannig er augljósara en áður að bankaráðum eru ætluð dæmigerð verk framkvæmdastjórnar ásamt möguleika á að þau fjalli um einstakar lánveitingar.

Þess vegna verður undir engum kringumstæðum fallist á að löggjafarsamkoman kjósi bankaráðin, og seta alþingismanna þar er auðvitað gjörsamlega ósamrýmanleg stjórnarskrá og siðferðiskröfum um varnir gegn árekstrum hagsmuna.

Tillögur í þessu frumvarpi eru því skynsamlegar og ætti að samþykkja og nota þangað til **ríkisbankar verða lagðir af og bankastarfsemi verður öll á hendi einkabanka**. Bandalag jafnaðarmanna hefur ítrekað lagt til að ríkisbankar verði lagðir niður.

Undirritaður leggur til að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 20. des. 1985.

Guðmundur Einarsson,
fundaskr.